

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Kirkjuferjuháleiga – Ferjukot 3 a og b – óveruleg breyting deiliskipulags.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 25. september 2025 óverulega breytingu á deiliskipulagi Kirkjuferjuháleigu. Staðföngum lóða er breytt úr Ferjukoti í Kirkjuhvol og auk þess er lóðinni Ferjukot 3 skipt í tvær lóðir sem fá staðföngin Kirkjuhvoll 3a og Kirkjuhvoll 3b. Hvor lóð er 1 ha að stærð.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Miðbær Þorlákshafnar – uppskipting lóða – óveruleg breyting deiliskipulags.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 11. desember 2025 óverulega deiliskipulagsbreytingu á skipulagi miðbæjar Þorlákshafnar. Breytingin felur í sér uppskiptingu lóða á skipulaginu þannig að hvert hús verði staðsett á sér lóð.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Akurgerði, ferðaþjónustuhús – nýtt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 25. september 2025 nýtt deiliskipulag fyrir Akurgerði, L171635, í Ölfusi. Skipulagssvæðið er um 18 ha að stærð innan jarðarinnar Akurgerðis og er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036. Skipulagið heimilar atvinnurekstur ótengdan landbúnaði og gerir ráð fyrir uppbyggingu á íbúðarhúsum og smáhýsum á tilgreindum byggingarreitum, ásamt skilgreiningu aðkomu, lóðarmarka og fráveitulausna.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 4. febrúar 2026.

Sigurður Steinar Ásgeirsson,
sviðsstjóri skipulags- og lögfræðisviðs.

B deild - Útgáfudagur: 18. febrúar 2026